

Nd.

866. Breytingartillögur

[257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Niður falli orðið „lóða“.
2. Við 10. gr. 1. mgr. orðist þannig:
Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumar-
bústaði án samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar, að fenginni umsögn
náttúruverndarnefnda.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum
jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa
eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum
jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta
og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda
nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upp-
haflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en
eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu.
Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar.
Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum
um eignarnám.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar
fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft
honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og
landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum inn-
leystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd
eignarnáms.